

Ed.

86. Frumvarp til laga

[81. mál]

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

III. kafli laganna, sem ber heitið „Hafrannsóknastofnun“, verði svohljóðandi:

10. gr.

Hafrannsóknastofnun er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um skipulag stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann skipar einnig tvo aðstoðarforstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Sjávarútvegsráðherra ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra, en forstjóri ræður annað starfslíð stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfslíðs.

Annar aðstoðarforstjórinn, sbr. 13. gr., skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar og hinn um fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skipa- rekstur og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kys sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m. a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal

fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar. Nefndin er ólaunuð.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.

16. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er nú heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa, eftir því sem kleift þykir.

17. gr.

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar um lögum, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnins, einkum með tilliti til fiskveiða.
4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.
7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.
8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.
9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.
10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknastarfseminnar.

18. gr.

Til að ná markmiðum sem um getur í 17. gr. skal stjórn gera tillögur um skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar sem skal staðfest af ráðherra. Leitast skal við að skipulag stofnunarinnar sé sveigjanlegt og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi stjórnar og ráðgjafarnefndar stofnunarinnar skal falla úr gildi 31. desember 1983. Enn fremur skal núverandi skipulag stofnunarinnar falla úr gildi frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í ágúst 1982 til að athuga rekstur og skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar, en nefndin lagði til, að III. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem fjallar um Hafrannsóknastofnunina, yrði endurskoðaður. Í nefndinni áttu sæti Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Geir Gunnarsson, formaður fjárveitinganefndar Alþingis, Jón Jónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, Már Elísson, forstjóri og Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Með nefndinni starfaði sem ritari Þórður Ingyi Guðmundsson frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþinginu 1982, en hlaut ekki afgreiðslu. Sjávarútvegsnefnd e. d. gerði tillögu um breyting á 11. gr. er kveður á um skipun stjórnar stofnunarinnar sem felldar hafa verið inn í frumvarpið. Auk þess hefur nefndin um skipulag og rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar gert nokkrar breytingar á frumvarpinu meðal annars í ljósi umræðna sem fram hafa farið meðal starfslíðs stofnunarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 10. gr. gildandi laga um Hafrannsóknastofnunina er kveðið á um að stofnunin sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir sjávarútvegsráðuneytið. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á þessari grein.

Í 11. gr. gildandi laga er kveðið á um skipun stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar. Meginbreytingin frá gildandi lögum er, að nú er gerð tillaga um að fjölga stjórnarmönnum úr 3 í 5. Sjómenn og útgerðarmenn fá nú sinn fulltrúann hvorir í stjórn, auk þess sem starfsmenn Hafrannsóknastofnunar tilnefna fulltrúa. Aftur á móti er aflögð tilnefning sérstaks fulltrúa ráðgjafarnefndar.

12. gr. gildandi laga fjallar um verksvið stjórnar. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að við þessa grein bætist ákvæði um að stjórnin taki ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi Hafrannsóknastofnunarinnar, geri tillögu um starfs- og fjárhagsáætlanir og geri tillögur til ráðherra um skipun ráðgjafarnefndar og skipulag stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir, að stjórnin staðfesti skipaáætlun stofnunarinnar, svo og reikninga hennar.

Í 13. gr. eru þau nýmæli tekin upp að ráðherra skipi, auk forstjóra, tvo aðstoðarforstjóra og ráði deildarstjóra stofnunarinnar. Um þetta atriði varð ágreiningur í nefndinni. Fram kom sú skoðun að ráðherra ætti ekki að hafa afskipti af ráðningu deildarstjóra.

Hér er um stefnumarkandi mál að ræða, og er gert ráð fyrir því að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta atriði.

Til aðstoðarforstjóra eru gerðar þær menntunarkröfur að annar skuli vera með sambærilega menntun og forstjóri, en hinn hafi sérstaka menntun og sérþekkingu á sviði stjórnunar og rekstrar. Nýmæli er, að forstjóri og aðstoðarforstjórar séu skipaðir til 5 ára í senn.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um, að við stofnunina skuli starfa 2 aðstoðarforstjórar og er hér um nýmæli að ræða. Fyrir nokkrum árum voru ráðnir með ráðherrabréfi tveir aðstoðarmenn forstjóra, sem jafnframt voru deildarstjórar ákveðinna rannsóknadeilda stofnunarinnar. Nú er talið nauðsynlegt að lögfesta þessar stöður þó þannig, að einungis annar aðstoðarforstjórinn sé vísindamaður á sviði hafrannsóknna, en hinn aðstoðarforstjórinn verði fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að hann annist stjórn á

rekstri skipa stofnunarinnar. Einnig er honum ætlað að annast gerð fjárveitingaþeigna stofnunarinnar, útgjaldaáætlana, kostnaðaráætlana rannsóknarleiðangra í samvinnu við forstjóra og samræma starfseminna með tilliti til sem bestrar hagkvæmni og nýtingar. Þá er eðlilegt að aðstoðarforstjóri fjármálasviðs annast starfsmannahald stofnunarinnar, uppskrift reikninga og annað reikningshald og fjárreiður sem ekki eru í verkahring Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Allar beiðnir um meiri háttar útgjöld þurfa samt að samþykkjast fyrirfram af forstjóra.

Í 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir allmiklum breytingum á sömu grein gildandi laga. Skv. gildandi lögum starfar við Hafrannsóknastofnunina ráðgjafarnefnd sem er skipuð skv. tilnefningu ýmissa hagsmunasamtaka og stofnana sem hér segir:

Landssamband íslenskra útvegsmanna, tveir menn.

Fiskifélag Íslands, einn maður.

Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, einn maður.

Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn maður.

Alþýðusamband Íslands, einn maður.

Sjómannasamband Íslands, einn maður.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar hefur sjaldan komið saman, enda falið takmarkað og óljóst verkefni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði bundið í lög hverjir skuli tilnefna í nefndina heldur skuli stjórn gera tillögur til ráðherra um skipun hennar hverju sinni. Þá er ráðgjafarnefnd með frumvarpinu falið viðtækara starfssvið, s. s. að fjalla um starfsáætlanir og rannsóknaverkefni stofnunarinnar og gera tillögur um verkefnaval og starfshætti.

Með þessum breytingartillögum er stefnt að meiri sveigjanleika við skipun nefndarinnar og aukinni virkni í samræmi við starfsmarkmið stofnunarinnar á hverjum tíma. Með þessu fyrirkomulagi má tengja fleiri og óskyldari aðila starfi stofnunarinnar en einungis hin hefðbundnu hagsmunasamtök sjávarútvegsins. Má í þessu sambandi nefna sérfræðinga stofnunarinnar, rannsóknastofnanir, skóla og aðra sem tengjast sjávarútvegi beint eða óbeint.

Loks er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ráðherra setji ráðgjafarnefndinni erindisbréf sem kveði nánar á um skyldur hennar og verkefni. Sem fylgiskjal með frumvarpinu er birt tillaga að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefndina.

Við 16. gr. gildandi laga eru sett ákvæði um heimild til starfrækslu útibúa Hafrannsóknastofnunarinnar og er hér um nýmæli að ræða. Lögð er áhersla á, að útibúin geti nýst fleirum en Hafrannsóknastofnuninni einni, s. s. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðrum rannsókn- og eftirlitsstofnunum o. fl., eftir því sem tækifæri gefast.

17. gr. gildandi laga er gjörbreytt. Þau verkefni, sem lögin kveða á um að skuli vera á hendi stofnunarinnar, voru skilgreind fyrir tæpum tveimur áratugum þegar aðstæður voru aðrar en nú. Nauðsynlegt hefur því reynst að endurskoða markmið stofnunarinnar eins og þau eru skilgreind í lögum. Þau markmið, sem hér er gerð tillaga um, byggja á skilgreiningu, sem sett er fram í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Í 18. gr. gildandi laga er kveðið á um að til að framkvæma verkefni stofnunarinnar skuli skipta starfseminni í fjögur verkefni. Í dag starfar stofnunin hins vegar í 9 mismunandi deildum, fjórum útibúum, auk skipareksturs og skrifstofuhalds. Hér er ekki gerð tillaga um að lögfesta deildaskiptingu á stofnuninni heldur að stjórn geri tillögu til ráðherra um skipulag stofnunarinnar sem tryggir sem mestan sveigjanleika í starfsemi stofnunarinnar, miðað við þarfir á hverjum tíma, betri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármunum í stað þess að deildir myndist í tengslum við áhuga og sérfræðisvið einstakra vísindamanna.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með gildistöku frumvarpsins sem laga frá Alþingi þarf að breyta skipun stjórnar og ráðgjafarnefndar Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem lögð er til breyting á 11. gr. gildandi laga. Skipunartími núverandi stjórnar og ráðgjafarnefndar rennur hins vegar ekki út fyrir en 31. desember 1985. Til að tefja ekki framkvæmd laganna er því lagt til að skipunartíminn renni út 31. desember 1983, þannig að í ársbyrjun 1984 verði skipuð ný stjórn og ný ráðgjafarnefnd. Þá er eðlilegt að nýtt skipulag á stofnuninni taki gildi um sama leyti.

Fylgiskjal I.

Drög að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar.

1. gr.

Við Hafrannsóknastofnun starfar ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar	fjóra menn
Fiskifélag Íslands	einn mann
Landssamband íslenskra útvegsmanna	tvö menn
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	einn mann
Sjómannasamband Íslands	einn mann
Stýrimannaskólinn	einn mann
Tækniskóli Íslands	einn mann
Fiskvinnsluskólinn	einn mann
Háskóli Íslands	einn mann
Rannsóknaráð ríkisins	einn mann
Sjávarútvegsráðuneytið	einn mann
Alls	15 menn

Auk þess eiga sæti í nefndinni forstjóri og formaður ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og forstjóri og aðstoðarforstjórar Hafrannsóknastofnunar. Ráðgjafarnefndin kys sér formann og varaformann.

2. gr.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og þeirra aðila sem hagnýta eiga niðurstöður af rannsóknum hennar. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og skal störfum hennar hagað í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

- Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust, en oftast eftir þörfum.
- Að vori skal nefndin fjalla um starfsáætlun stofnunarinnar og skulu einstök verkefni vera lögð fyrir nefndina til umsagnar.
- Að hausti skulu helstu niðurstöður af starfi stofnunarinnar skýrð og sagt frá verkefnum sem lokið er. Lögð skulu fyrir drög að nýjum verkefnum og leitað ábendinga eða tillagna nefndarinnar um ný verkefni, sem tekin verði upp í starfsáætlun og lögð fyrir til umsagnar að vori.
- Nefndin getur rætt og gert tillögur til stjórnar stofnunarinnar um allt er lýtur að stefnumótun, starfsháttum og verkefnavali stofnunarinnar, svo og samskiptum hennar út á við.

- Nefndin hefur fullt frjálsræði um að móta sín eigin vinnubrögð, þar á meðal skipan undirnefnda.
- Ráðgjafarnefndin hefur einungis tillögurétt til stjórnar og forstjóra, en ekki ákvörðunarrétt.

3. gr.

Nefndin er ólaunuð, en sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað þóknun fyrir sérstaklega umfangsmikil störf á vegum nefndarinnar að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.